

Breytingartillögur

við frv. til l. um útlendinga.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (ÞKG, JBjart, KF, ÁMöl, KÓ).

1. Við 4. gr.
 - a. Lokamálsliður 1. mgr. orðist svo: Undanskilin er för yfir innri landamæri Schengensvæðisins, svo og aðrar ferðir sem eru í samræmi við reglur sem dómsmálaráðherra setur.
 - b. Í stað orðsins „undantekningu“ í 3. mgr. komi: undantekningar.
2. Við 5. gr. í stað orðsins „ferðar“ í 2. mgr. komi: komu.
3. Við 8. gr. Í stað orðsins „undanþágu“ í 2. mgr. komi: undanþágur.
4. Við 9. gr. Í stað orðanna „að lögum“ í 1. mgr. komi: í lögum.
5. Við 13. gr.
 - a. Í stað orðanna „eiga, að fenginni umsókn, rétt á dvalarleyfi“ í 1. mgr. komi: geta samkvæmt umsókn fengið dvalarleyfi.
 - b. Á eftir orðinu „sambúðarmaki“ í 2. mgr. komi: samvistarmaki.
6. Við 15. gr. Í stað orðanna „12 mánuði“ í 1. másl. 4. mgr. komi: 18 mánuði.
7. Við 20. gr. Í stað orðanna „getur verið“ í 2. másl. 3. mgr. komi: getur gilt.
8. Við 21. gr. Í stað orðanna „það átti sér stað“ í b-lið 2. mgr. komi: það hafi átt sér stað.
9. Við 24. gr. Í stað orðanna „eftir því sem unnt er“ í 2. mgr. komi: eftir fremsta megni.
10. Við 34. gr. Í stað orðanna „að stjórnvald skipi sér talsmann“ í 1. másl. 2. mgr. komi: að stjórnvald skipi honum talsmann.
11. Við 43. gr. Í stað orðanna „getur verið“ í 2. másl. 5. mgr. komi: getur gilt.
12. Við 46. gr. Í stað orðanna „eða sambúðarmaki“ í 3. mgr. komi, í viðeigandi falli: sambúðarmaki eða samvistarmaki.
13. Við 51. gr. 1. másl. 1. mgr. orðist svo: Útlendingastofnun heimilar hópum flóttamanna komu til landsins í samræmi við ákvörðun stjórnvalda að fenginni tillögu Flóttamannaráðs Íslands.
14. Við 52. gr. Á eftir orðunum „Meina má“ í 1. mgr. komi: útlendingi.
15. Við 53. gr. Í stað orðanna „og um lögmæti dvalar hans í landinu“ í 1. mgr. komi: og að dvöl hans í landinu sé lögmæt.
16. Við 59. gr.
 - a. Í stað orðanna „1. júlí 2002“ í 1. mgr. komi: 1. janúar 2003.
 - b. 4. tölul. 3. mgr. falli brott.
 - c. Í stað orðanna „1. mgr. 22. gr.“ í 1. og 2. tölul. a-liðar 7. tölul., sem verður 6. tölul., komi: 1. mgr. 20. gr.

Endurprentað upp.